

HVERFISRÁÐ HÁALEITIS OG BÚSTAÐA

Ár 2016, mánudaginn 18. apríl kl. 15.50 var haldinn 143. fundur hverfisráðs Háaleitis og Bústaða. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Dóra Magnúsdóttir, Hörður J. Oddfríðarson, Elín Oddný Sigurðardóttir, Sigurður Eggertsson, Elínóra Inga Sigurðardóttir og Snorri Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar í PLH sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Umsóknir í forvarnarsjóð Reykjavíkur. Heildarupphæð til úthlutunar í hverfi kr. 775.000
6 umsóknir bárust og var eftirfarandi samþykkt:
Foreldrafélag Háaleitisskóla/ Vinaliðar í Háaleitisskóla kr. 320.000
Fúll á móti sf./Stafræn húðflúr hverfa aldrei kr. 225.000
Hópeflisfélagið /Háaleiti&Bústaðir2030 kr. 230.000
2. Umsóknir um styrk úr hverfissjóði. Tvær umsóknir bárust.
Samþykkt að veita styrk kr. 150.000 til samtakahóps í Bústaðahverfi vegna hverfishátíðar á sumardaginn fyrsta.
3. Betri hverfi. *Áfangaskil* Lögð fram skýrsla stýrihóps um framkvæmdina. Einnig tilkynnt um fundarboð 25. apríl kl. 16.30-18.00 í Tjarnarsal.
4. Hverfahátíðir. Kynntar dagskrár vegna hátíðahalda á sumardaginn fyrsta í Kringlumýri og Bústaðahverfi. Fjölbreyttir dagskrárliðir í boði.
5. Rætt um samskipti og tengslanet innan hverfisins. Ákveðið að stefna á opinn fund hverfisráðs miðvikudaginn 18. maí kl.19.30 – 21.00.
6. Efnisveita í hverfi. Hverfisráð ákveður að kalla eftir minnisblaði frá Magnúsi Gylfa um stöðu verkefnisins í dag og hans sýn á framhaldið.
7. Húsnæði Sólbúa næsta haust. Framkvæmdastjóra falið að reifa málið við forstöðumann í Kringlumýri með áherslu á að gengið verði frá húsnæði tímanlega fyrir þessa starfsemi.

Fundi slitið kl.17.15

Dóra Magnúsdóttir (Sign)

Elín Oddný Sigurðardóttir (Sign)
Sigurður Eggertsson (Sign)

Hörður Oddfríðarson (Sign)
Elínóra Inga Sigurðardóttir (Sign)